



91. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Teams fjárfundarbúnaði miðvikudaginn 20. maí 2020

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Engilbert Olgeirsson Sigríður K. Viðarsdóttir fulltrúi FOMEL, Elín Una Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sindri Bernholt fulltrúi nemenda, Halldór Páll Halldórsson skólameistari og Jóna Katrín Hilmarsdóttir áfangastjóri er ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru fjármálastjóri ML og gjaldkeri Mötuneytis ML, Ragnheiður Bjarnadóttir, María Carmen Magnúsdóttir, forvarnarfulltrúi ML, Freyja Rós Haraldsdóttir, jafnréttisfulltrúi ML, Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri upplýsingamála í ML og Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisráðgjafi ML.

Dagskrá:

1. Rekstrarniðurstaða skólans 2019
2. Umsóknir í forvali og þróun kynjaskiptingar nemenda fyrr og nú
3. Upplýsingar til skólanefndar um stöðu mála:
 - a. Samkomubann vs skólastarf
 - b. Gæðahandbók
 - c. Persónuverndarmál
 - d. Jafnlaunavottun
 - e. Grænu skrefin í ríkisrekstri, vistvænn rekstur
 - f. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, m.a. loftlagsstefna
 - g. Vinnsluskrá og málalyklar - skráningar málafafns
4. Skólaskýrsla/ársskýrsla 2019 til kynningar
5. Forvarnardagur og aðrar forvarnir m.a. fyrirlestur/fyrirlestrar að frumkvæði foreldrafélagsins
6. Húsnæðismál – áframhaldandi endurbætur og viðhald
7. Deiliskipulagstillaga sveitarfélagsins fyrir Laugarvatn til umræðu
8. Önnur málÁrsreikningur Mötuneytis ML 1. ágúst 2018 – 31. júlí 2019.
9. Ákvörðun um breytingar á gjaldskrá
10. Rekstraráætlun skólans 2020
11. Stefnuskjal ML til næstu þriggja ára
12. Önnur mál



1. Rekstrarniðurstaða skólans 2019.

Ragnheiður Bjarnadóttir og Halldór Páll fara stuttlega yfir rekstrarniðurstöðu skólans 2019. Farið var yfir helstu þætti fjárhagsáætlunar í samanburði við rauntölur eins og þær liggja fyrir í lok árs 2019 í fjárhags- og bókhaldskerfinu Oracle en endanleg niðurstaða ársins 2019 liggur þó ekki fyrir og því margt sem enn getur breyst. Nákvæm niðurstaða fæst þegar ársreikningur hefur verið gefinn út.

2. Umsóknir í forvali. Þróun kynjaskiptingar nemenda fyrir og nú.

Jóna Katrín kynnir stöðu umsókna nemenda fyrir haustönn 2020. Mikil aðsókn er í skólann og ljóst að ekki verður hægt að taka við öllum umsækjendum. Gert er ráð fyrir 56 nýnemum við skólann en nú hafa 73 umsóknir borist. Kynjahlutfall meðal umsækjenda er 66% stúlkur og 34% piltar. Umræða skapast um hvað kunni að búa að baki vinsældum skólans. Nefndarmenn nefna t.a.m. jákvæða upplifun af kynningum nemenda á skólanum og almennt jákvætt hugarfar gagnvart skólanum í samfélaginu.

Freyja Rós Haraldsdóttir fer yfir þróun kynjaskiptingar nemenda fyrir og nú við Menntaskólann að Laugarvatni. Fyrir á árum var að mestu leyti jafnt hlutfall pilta og stúlkna við skólann en nú hefur hlutfallið færst frekar í átt að 30% pilta og 70% stúlkna. Ýmsum hugmyndum var varpað fram varðandi mögulegar ástæður þessarar þróunar. Margt ber þar að nefna eins og skipulag náms, kynningarstarf, félags- og íþróttalíf og kynjahlutföll starfsmanna en ekki er hægt að slá neinu föstu í þessu sambandi.

3. Upplýsingar til skólanefndar um stöðu mála:

a. Samkomubann vs skólastarf.

Halldór Páll kynnir fyrir skólanefndarmönnum áhrif samkomubanns vegna Covid19 á skólastarf í ML. Vikuleg upplýsingabréf hafa verið send nemendum, forráðamönnum og skólanefnd í viku hverri á meðan samkomubann hefur staðið yfir. Í kjölfarið hefur vikuleg frétt verið birt á heimasíðu skólans. Miklar breytingar urðu á skólastarfinu. Kennslu var fram haldið samkvæmt stundatöflu en í fjarvinnu og mikil áhersla var lögð á mikil og virk samskipti á milli kennara og nemenda. Starfið hefur gengið vonum framár og kraftur, jákvæðni og elja kennara í kringum þessar snöggu breytingar sem orðið hafa í kringum skólastarfið í Covid19 er aðdáunarverð og færir skólameistari kennurum sérstakar þakkir fyrir. Eins hefur Elín Jóna kerfisstjóri skólans lagt sig fram og unnið mikið verk í tengslum við þessar óvenjulegu aðstæður. Útskrift frestaðist sökum samkomubanns og var færð frá 23. maí til 6. júní.

Heilmargt hefur lærst af þessari reynslu og miklar framfarir orðið í tæknimálum. Sú nýbreytni verður næsta vetur að nokkrir dagar hvora önn verða tileiknaðir svokallaðri heimaviku þar sem unnið verður í fjarvinnu.

b. Gæðahandbók.



Freyja Rós fer yfir vinnu vegna innleiðingar gæðahandbókar við ML. Verkefnastjórn hefur hist vikulega í vetur og meðal annars í vinnu við innleiðingu gæðahandbókar. Meðlimir verkefnastjórnar undanfarinn vetur voru Freyja Rós, Halldór Páll, Elín Jóna, Valgerður Sævarsdóttir og Jóna Katrín. Innleiðingin er í góðum farvegi og mikið hefur unnist yfir veturinn.

c. Persónuverndarmál.

Freyja Rós fer yfir stöðu persónuverndarmála í ML. Vinnsluskrá er í bígerð og undirbúningur hafinn og til eru nú drög að upplýsingaöryggisstefnu og persónuverndarstefnu í ML.

d. Jafnlaunavottun.

Freyja Rós fer yfir stöðuna varðandi innleiðingu jafnlaunavottunar í ML. Nú eru allir opinberir aðilar skyldugir til að innleiða jafnlaunastefnu og fá jafnlaunavottun. Úttektaráætlun er í tilbúin og stefnt er að forúttekt fyrir vottun í september. Nokkuð starf er eftir í undirbúningi þessa máls.

e. Grænu skrefin í ríkisrekstri, vistvænn rekstur.

Elísabet Björney Lárusdóttir, umhverfisráðgjafi, kynnir vinnu varðandi innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri í ML og vistvænan rekstur stofnunarinnar. Nú er unnið að því að skila inn Grænu bókhaldi fyrir árin 2018 og 2019. Nú er unnið að innleiðingu 2. skrefs. Úrgangur frá skólanum er mældur og þar hefur orið umtalsverð lækun, t.a.m. fór heildarmagn sorps úr 16.490 kg. árið 2016 í 8.210 kg. árið 2019.

f. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, m.a. loftlagsstefna.

Halldór Páll kynnir fyrir nefndarmönnum þær áherslur sem skólum er gert að starfa eftir innan heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Innleiðing Grænu skrefanna er nátengt þessum markmiðum.

g. Vinnsluskrá og málalyklar - skráningar málafafns.

Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri upplýsingamála í ML, fer yfir stöðu á innleiðingu vinnsluskrár málakerfis í ML. Vinnsluskráin og málalykillinn eru nú tilbúin og yfirstandandi er undirbúningur að innleiðingu málakerfisins sem hefst af fullum krafti haustið 2020.

4. Skólaskýrsla/ársskýrsla 2019 til kynningar.

Halldór Páll kynnir skólaskýrslu ársins 2019. Afrit af skýrslunni hefur verið sent á nefndarmenn. Skýrslan er upplýsingagjöf til ráðuneytis og um leið heimildaskráning um skólastarfið.

5. Forvarnardagur og aðrar forvarnir m.a. fyrirlestur/fyrirlestrar að frumkvæði foreldrafélagsins.

María Carmen Magnúsdóttir kynnir skipulag forvarnardags í ML og aðrar fyrirhugaðar forvarnir. Stór fræðsludagur umferðamála sem frestað var vegna veðurs annars vegar og



Covid hins vegar á vorönn verður haldinn 3. september næstkomandi. FOMEL hefur boðið nemendum upp á fræðslu- og forvarnarfyrirlestra og á vorönn var boðið upp á fyrirlestur frá Ernu Kristínu Stefánsdóttur um jákvæða líkamsímynd. Næsta haust er á dagskránni er fyrirlestur um orkudrykki og fyrirlesari verður Berglind Soffía Blöndal, næringarfræðingur.

6. Húsnæðismál – áframhaldandi endurbætur og viðhald.

Halldór Páll fer yfir framkvæmdir sem eru í gangi á skólahúsnæðinu. Verið er að ljúka gluggaskiptum á heimavistum þar sem tryggt er að gluggar séu líka neyðarútgangar.

Í sumar hefst vinna við að skipta um klæðningu á aðalbyggingu menntaskólans en aukið fjármagn fékkst til framkvæmda í kjölfar Covid19 faraldurs. Eins verður skipt um alla glugga í byggingunni og skipt um þak bæði á Fjarvist og eldri hlua hússins. Verkís vinnur útboðið fyrir Ríkiseignir og er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um miðjan júlí 2020 og ráðgerð verklok í júlí 2021.

7. Deiliskipulagstillaga sveitarfélagsins fyrir Laugarvatn til umræðu.

Halldór Páll kynnir nýja deiliskipulagstillögu Bláskógabyggðar fyrir Laugarvatn. Halldór horfir þá sérstaklega til breytinga sem fyrirhugaðar eru á skólaholtinu sem hefur áhrif á heildarsýn skólabygginganna sem þykja mikið prýði við aðkomu inn í þorpið. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir sex byggingarlóðum á túni er liggur við skólann og verður heilmikið uppbrot á þeirri sýn sem blasir við í bænum, Menntaskólinn að Laugarvatni og Héraðsskólinn. Eins gerir skipulagstillagan ráð fyrir bílaumferð í skipulagt hverfi neðan við skólatúnið renni öll í gegnum aðkomu að skólanum og milli vista og skólahúss. Þörf er á meiri umræðu skólanefndar vegna tillögunar. Deiliskipulagið verður rætt frekar á næsta skólanefndarfundum.

8. Önnur mál

- a. Halldór leggur til að haldinn verði annar skólanefndarfundur í júní þar sem fjallað verður um innritun nýnema, gjaldsetningu í mötuneyti og tillöguna að nýju deiliskipulagi. Nefndarmenn voru því samþykktir.
- b. Halldór skýrir frá væntanlegu leyfi frá störfum haustið 2020 og að Jóna Katrín Hilmarsdóttir muni sinna skólameistarastarfinu í afleysingu, sem staðgengill skólameistara á yfirstandandi skólaári. Áslaug Harðardóttir snýr aftur í haust sem áfangastjóri.
- c. Gunnar, formaður skólanefndar, leggur til að fundargerð verði send nefndarmönnum á rafrænum formi til yfirlestrar og samþykktar. Nefndarmenn tóku vel í það.

Fleira var ekki gert.



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka